

✉ Re: Umsagnarbeiðni vegna skipulags- og matslýsingar vegna veglagningar um Dynjandisheiði í Ísafjarðarbæ

Búið til	26.8.2021 16:32:57
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	26.8.2021 16:32:56
Tilheyrir	 202108-0005 - Skipulagslýsing vegna veglagningar Vestfjarðavegar (60) um Dynjandisheiði

Efni

Re: Umsagnarbeiðni vegna skipulags- og matslýsingar vegna veglagningar um Dynjandisheiði í Ísafjarðarbæ

Upplýsingar

Sent	26.8.2021 16:32:56	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	helgathuridur@isafjordur.is, skipulag@isafjordur.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202108-0005 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar dags. 11. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðabæjar 2008-2020 er varðar veglagningu Vestfjarðavegar (60) yfir Dynjandisheiði frá Dynjandisvogi að sveitarfélagsmörkum Ísafjarðabæjar og Vesturbyggðar.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir nýlega varðandi lagningu Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði, einkum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Einkum er vísað í umsögn stofnunarinnar til Skipulagsstofnunar dags. 13. febrúar 2020 um frummatsskýrslu vegna Vestfjarðavegar (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg (63). Þar koma fram ýmsar ábendingar er varða umhverfisáhrif vegagerðarinnar allrar.

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér breytingu á legu vegar nr. 60 yfir Dynjandisheiði og fjórum nýjum efnistökusvæðum. Tveir valkostir eru kynntir varðandi endanlega ákvörðun um veglínu og er munurinn milli þeirra lega vegarins í innanverðum Dynjandisvogi nálægt friðlýsta svæðinu Dynjanda.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulags- og matslýsinguna og telur ágætlega gert grein fyrir helstu efnispáttum er varða skipulagsbreytinguna og þeim umhverfispáttum sem verða metnir í umhverfismatinu.

Mikilvægt er að hugað sé að áhrifum á þá náttúrufarsþætti sem hafa mest vægi fyrir svæðið. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um frummatsskýrsluna kom m.a. fram að Náttúrufræðistofnun telur almennt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa neikvæð áhrif á mikilvægar jarðminjar á svæðinu og ekki er talið að fágætar plöntur séu innan framkvæmdasvæðisins. Hins vegar eru aðrir þættir sem mikilvægt er að fjallað verði um, þar má nefna:

Áhrif á ásýnd og landslag sem er einkennandi fyrir hálendi Vestfjarða þarf aftur á móti að meta vandlega. Þá er mikilvægt að fjallað sé um áhrif nýs vegstæðis kringum Meðalnesið á lífríki fjöru og grunnsævis.

Í Dynjandisvogi eru birkiskógar ríkjandi landvistgerð en hún er metin með hátt verndargildi. Rask á birkiskógavistlendi verður umtalsvert á svæðinu og ætti það að veða þungt við samanburð á valkostum D og F. Birki hefur verið í sókn undanfarna áratugi og sjálfgræðsla raskaðra svæða ætti að vera raunhæft markmið en skoða ætti mótvægisáðgerðir sem flýta fyrir og styðja sjálfgræðsluna. Mjög mikilvægt er að í framkvæmdaleyfi verði tryggt að ekki verði heimilt að nota framandi tegundir við uppgræðslu og vegna birkiskóga sé eingöngu notast við birki af svæðinu en ekki framandi trjáplöntur.

Eins og kemur fram í skipulagslýsingunni hefur Náttúrufræðistofnun lagt til að Hærriöxl, lindasvæði norðarlega á Dynjandisheiði, verði sett á B-hluta náttúruminjaskrár, sjá: <https://www.ni.is/node/21585> (<https://www.ni.is/node/21585>): Þar er að finna a.m.k. fjórar lindir sem eru einkennandi fyrir lindir sem finna má utan eldvirka svæðisins. Áætluð veglína liggur fyrir neðan skilgreinda lindasvæðið en það er þó í töluverðri nálægð við áætlað framkvæmdasvæði. Tryggja þarf að því verði hlíft.

Gert er ráð fyrir að nýja vegstæðið raski votlendissvæði við Afréttarvatn. Gróin votlendissvæði, einkum í grennd við tjarnir/vötn, eru almennt lítil á þessum slóðum. Erfitt er að bæta upp votlendi sem skerðast á hálendi því tækifæri og aðstæður til endurheimtar eru alla jafna á láglandi. Mótvægisáðgerðir s.s. endurheimt votlendis sem eru almennt til bóta, geta þó ekki bætt upp töpuð búsvæði plantna og dýra sem finnast í hálendisvotlendi. Þetta þarf að hafa í huga þegar áhrif röskunar hálendisvotlendis eru metin.

Þá þarf að gera grein fyrir áhrifum hvers efnistökusvæðis og hvernig hugað verði að frágangi þeirra.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum skipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Helga Púriður Magnúsdóttir" <helgathuridur@isafjordur.is>

To:

CC: "Axel Rodriguez Överby" <axelov@isafjordur.is>; "Heiða Hrund Jack" <heidajack@isafjordur.is>; "Skipulag" <skipulag@isafjordur.is>

Subject: Umsagnarbeiðni vegna skipulags- og matslýsingar vegna veglagningar um Dynjandisheiði í Ísafjarðarbæ

Date: 11.8.2021 11:27:05

Góðan dag

Ísafjarðarbær óskar eftir umsögn varðandi skipulagslýsingu vegna veglagningar Vestfjarðavegar (60) yfir Dynjandisheiði frá Dynjandisvogi að sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 6. maí s.l. að heimila að skipulagslýsing fyrir vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðabæjar 2008-2020 verði kynnt opinberlega skv. Skipulagslögum 123/2010 og að lýsingin verði tekin til meðferðar í samræmi við VII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsingin var til sýnis á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1 á Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar á www.isafjordur.is (<http://www.isafjordur.is/>) frá og með 4. júní 2021 til og með 20. júní 2021.

Umsagnarbeiðni þessi er einungis send út rafrænt. Ef sérstaklega er óskað eftir að fá erindið jafnframt sent útprentað í pósti þá látið skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar vita.

Óskað er eftir að umsagnir berist til skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar, stjórnarsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði, skriflega eða í tölvupósti á netfangið skipulag@isafjordur.is (<mailto:skipulag@isafjordur.is>) eigi síðar en 26. ágúst 2021.

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa tölvupósts.

Virðingarfyllst,

f.h. skipulagsfulltrúa



Helga P. Magnúsdóttir

Tæknideild

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður

450 8000 – helgathuridur@isafjordur.is (<mailto:helgathuridur@isafjordur.is>) - www.isafjordur.is (<http://www.isafjordur.is/>)

Kortagögn og upplýsingar: <http://map.is/isafjordur/> (<http://map.is/isafjordur/>)



(<https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/umhverfi/earthcheck>)



**JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023**

(<https://www.isafjordur.is/is/moya/news/isafjardarbaer-hlytur-jafnlaunavottun>)

Viðhengi

image004.png (5 KB)

image001.png (9 KB)
image002.jpg (3 KB)
image003.png (19 KB)